

# Erindisbréf úttektarnefndar Háskóla Íslands

Endurskoðað erindisbréf 30. ágúst 2013

## Inngangur

Úttektarnefnd Háskóla Íslands er sett á laggirnar í tengslum við rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. Icelandic Quality Enhancement Framework, QEF) sem sett er fram af Gæðaráði háskóla (e. Quality Board) og birt í handbók þess (e. Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education). Í rammaáætluninni er einkum gert ráð fyrir tvenns konar mati eða úttektum á faglegu starfi íslenskra háskóla, þ.e.

- Reglubundnu mati á faglegum einingum sem viðkomandi háskóli stýrir sjálfur (e. Institution-led subject review), og
- reglubundnu heildarmati á háskólastofnunum sem gæðaráðið stýrir (e. Quality Board-led institutional review).

Í þessu felst að á tímabilinu 2011-2012 til 2015-2016 verða allar faglegar einingar á öllum námsstigum í öllum íslenskum háskólum metnar, auk þess sem stofnanirnar verða metnar sem heildir á sama tímabili. Sjálft matið fer fram á árunum 2011-2012 til 2014-2015, en 2015-2016 verður farið yfir árangur fyrstu lotu áætlunarinnar og lagt á ráðin um þá næstu. Háskóli Íslands verður síðastur í röð innlendra háskóla í heildarmati og fer það fram veturinn 2014-2015. Að auki gerir rammaáætlunin ráð fyrir að fulltrúar í gæðaráðinu haldi árlega fundi með stjórnendum hvers háskóla til að fara yfir niðurstöður úttekta undangengins árs, draga af þeim lærdóma og leggja á ráðin um eftirfylgni.

## Hlutverk og verkefni

Úttektarnefnd Háskóla Íslands er samstarfsnefnd gæðanefndar og kennslumálanefndar háskólaráðs, sameiginlegrar stjórnsýslu og Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Nefndin er skipuð af rektor og starfar í umboði hans. Hlutverk úttektarnefndar er að skipuleggja og halda utan um matsvinnuna innan Háskóla Íslands, m.a. á grundvelli rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla, leiðbeininga Háskóla Íslands um skipulag, tímaáætlun og framkvæmd

sjálfsmats sem háskólaráð hefur samþykkt og formlegs gæðakerfis skólans.

Helstu verkefni úttektarnefndar eru:

(A) í tengslum við sjálfsmat faglegra eininga Háskóla Íslands:

- Áður en sjálfsmatsvinna deilda hefst formlega: Að funda með sjálfsmatshópum deilda og þverfræðilegra námsleiða, ásamt forseta og rekstrarstjóra viðkomandi fræðasviðs, og fara yfir framlagða áætlun sjálfsmatshópsins um tíma, skipulag og framkvæmd matsins.
- Tveimur vikum áður en frestur viðkomandi deildar eða þverfræðilegrar námsleiðar til að skila sjálfsmatsskýrslu rennur út: Að fara yfir drög að skýrslunni og bregðast við henni innan viku. Úttektarnefnd boðar formann sjálfsmatshópsins til fundar eftir því sem ástæða er til.
- Árlega: Að gera rektor, háskólaráði og forsetum fræðasviða grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum sjálfsmats deilda á undangengnu ári og gera eftir því sem ástæða er til tillögur um viðbrögð, úrbætur og þróun matsferlisins sérstaklega og gæðakerfis Háskóla Íslands almennt.
- Að taka þátt í árlegum fundum Gæðaráðs háskóla með stjórn Háskóla Íslands.
- Að vera sjálfsmatshópum deilda og þverfræðilegra námsleiða til ráðuneytis um hvaðeina sem lýtur að matinu.

(B) í tengslum við sjálfsmat Háskóla Íslands:

- Að annast undirbúning og verkefnisstjórn sjálfsmats Háskóla Íslands í heild, í samræmi við handbók Gæðaráðs háskóla (einkum kafla 4 og viðauka 3) og með hliðsjón af leiðbeiningum Háskóla Íslands um skipulag, tímaáætlun og framkvæmd sjálfsmats deilda og þverfræðilegra námsleiða.
- Undirbúningur matsins hefst haustið 2013 en matið fer fram haustið 2014. Helstu verkefni úttektarnefndar eru gerð verk- og tímaáætlunar fyrir matið, öflun og greining gagna (þ.m.t. sjálfsmatsskýrslna deilda og þverfræðilegra námsleiða) og ritun sjálfsmatsskýrslu (u.þ.b. 50 bls., auk viðauka).

- Úttektarnefnd skal í tengslum við matið hafa víðtækt samráð við stjórnendur, starfsmenn og stúdenta Háskóla Íslands.

### **Skipan**

Í úttektarnefnd sitja 9 manns, þ. á m. einn fulltrúi stúdenta:

- Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektr og formaður gæðanefndar, formaður
- Guðrún Geirsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar
- Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs
- Helga M. Ögmundsdóttir, fulltrúi í gæðanefnd
- Magnús Diðrik Baldursson, gæðastjóri HÍ
- Róbert H. Haraldsson, formaður kennslumálanefndar
- Steinunn Gestsdóttir, prófessor
- Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs
- María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs.

Við heildarmat á Háskóla Íslands bætast við a.m.k. þrjú fulltrúar, þ.e. einn eða tveir forsetar deilda sem þegar hafa verið metnar, einn úr hópi framhaldsnema og einn utanaðkomandi fulltrúi sem hefur þekkingu á málefnum háskóla almennt og Háskóla Íslands sérstaklega.

Gæðastjóri er tengiliður Háskóla Íslands við Gæðaráð háskóla og vinnur að málefnum úttektarnefndar á milli funda.

Úttektarnefnd er skipuð til 30. júní 2015.